



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Námsáætlun - Vor 2026
Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)
Frönsk menning og kvikmynd

Kennslugögn

- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, kvikmyndir o.fl.
- Mappa til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu): [Snara](#) og [Lexía](#)

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmsskonar efni tengt borginni, texta, léttlestrarbók, stuttmyndir og kvikmyndir, lagatexta og fleira. Sérstök áhersla verður lögð á að æfa tal og samskipti við mismunandi aðstæður. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur vinna margsskonar samtalsverkefni. Þeir munu einnig halda kynningar á íslensku um ýmislegt sem tengist borginni.

Námskeiðið verður blanda af staðnámi og fjarnámi.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnst lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Skylduþátttaka er í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. **Athugið** að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september**. Sem viðmið má geta þess að ferðin í ár kostaði um 135.000 kr.

Þeir nemendur sem stunda keppnisþróttir, tónlistar-eða dansnám eða aðra svipaða afþreyingu utan skólans þurfa að gæta þess að gera ráðstafanir til að forðast árekstur viðburða við dagsetningar ferðarinnar til Parísar.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Vikuáætlun vor 2026

Vika	Yfirferð
6. janúar	Staðtími Fyrirheit, kynningar um París á íslensku (kynning á verkefninu)
13. janúar	Staðtími Rattleikur í bænum
20. janúar	Undirbúningur kynninga heima
27. janúar	Staðtími Kynningar um París á íslensku
3. febrúar	Staðtími Kynningar um París á íslensku
10. febrúar	Klisjur um Frakka (verkefni unnið heima)
17. febrúar	Staðtími Verkefni um sögu Parísar
24. febrúar	Staðtími Sjónvarpsþáttur
3. mars	Að pakka niður fyrir ferð (verkefni unnið heima)
10. mars	Staðtími Undirbúningur fyrir ferð
16.- 21. mars	FERÐAVIKA
12. 24. mars	Staðtími Uppgjörstími, pálínuboð og kveðjur

Námsmatið er símat sem byggir á nokkrum skilaverkefnum, frammistöðu nemenda í staðtímum, hóp- og einstaklingsverkefnum og einu lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einnig er farið fram á fulla mætingu í staðtíma og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn. Einkunnir og umsagnir verða gefnar fyrir verkefnin, en lokaeinkunn verðir í formi stafsins „**M**“, sem þýðir staðist.

Athugið

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.

Námsáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar